



Skorradalshreppur

Orka náttúrunnar ohf.
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

2309003 SÓÁ

Tilkynning um afgreiðslu skipulags- og byggingarnefndar

Jarðvegsstífla við inntakslón Andakílsárvirkjunar, framkvæmdaleyfisumsókn

Á 176. fundi skipulags- og byggingarnefndar þann 28. nóvember 2023 var eftirfarandi erindi tekið fyrir:

Málinu var vísað frá á 174. fundi nefndarinnar þann 19.9.2023 á grundvelli þess að fyrirbyggjandi gögn eru ekki fullnægjandi og að virkjanaleyfi liggur ekki fyrir. Erindi hefur borist frá ON þar sem krafist er að málið verði tekið til afgreiðslu.

Fyrir fundinum liggur samantekt skipulagsfulltrúa á gögnum sem vantar og atriðum sem talin eru þess eðlis að umsókn fullnægi ekki 7. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi.

Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir að gefa umsækjanda kost á að afla þeirra gagna sem þar er rætt um, eða leggja fram rökstuðning fyrir þeirri skoðun að ekki sé þörf á að afla þeirra, sé það skoðun umsækjanda. Að því gerðu verði málið tekið fyrir að nýju af nefndinni og ákvörðun tekin.

Það láðist að senda út afgreiðslu nefndarinnar og beðist er velvirðingar á því, en vakin er athygli á að bæði fundargerð og minnisblað skipulagsfulltrúa hefur verið aðgengilegt á heimasíðu sveitarfélagsins að loknum fundi.

Hvanneyri 3. janúar 2024
Virðingarfyllst,


Sigurbjörg Ósk Askelsdóttir
skipulagsfulltrúi

Hjálagt:

Samantekt skipulagsfulltrúa, minnisblað dags. 27. nóvember 2023